

# Siglingaklúbburinn Þytur

## Skýrsla stjórnar starfsárið 2017



### Inngangur

Starfsárið hófst að loknum aðalfundi sem haldinn var 30.janúar 2017 og var Pétur Th. Pétursson sitjandi formaður endurkjörinn. Kjörnir voru að auki 3 meðstjórnendur þeir Gunnar Freyr Gunnarsson, Sindri Þór Hannesson og Jóhann Berthelsen.

Starfandi gjaldkeri baðst lausnar og í hans stað var kjörinn Árni Geir Þórmarsson til eins árs. Að auki voru í stjórn Markús Pétursson og Árni Þór Hilmarsson báðir á sínu seinna ári. Seinni hluta árs fækkaði virkum stjórnarmeðlimum um 2 en Markús Pétursson og fjölskylda héldu suður um höf á Sæúlfi og Pétur Th. Pétursson baðst lausnar sem formaður í byrjun október af persónulegum ástæðum. Ákveðið var af stjórn að Gunnar Freyr varaformaður myndi sinna starfi formanns fram að aðalfundi.

Starf siglingaklúbbsins á liðnu ári var mjög öflugt. Stjórn hittist 17 sinnum á formlegum stjórnarfundum sem ritaðar heimildir eru um. Strax í upphafi var sett niður verkefnaskrá og hafist handa um að undirbúa þau verkefni sem þar voru til tekin. Auk formlegra stjórnarfunda voru nokkrir fundir með foreldrum yngri iðkenda siglingaíþróttarinnar. Opnir æfingardagar klúbbsins voru á þriðjudögum, fimmtudögum og laugardögum.

## **Æfingar og námskeið**

### **• Siglinganámskeið 10-16 ára**

Eins og fyrri ár voru sumarnámskeiðin lang umfangsmesti liðurinn á árinu. Fyrsta námskeið hófst 12.júní og kláraðist það síðasta 21.júlí. Hvert námskeið var tvær vikur bæði fyrir og eftir hádegi. Markús og Rebecca sáu um starfið ásamt yngri krökkum frá vinnuskóla Hafnarfjarðar en stór hluti af þeim hópi kemur úr æfingahópnum okkar. Fjöldi krakka sem fóru í gegnum námskeiðin voru um 114 talsins.

### **• Æfingar á Kænur - Yngri hópur**

Hópurinn var mjög duglegur að æfa jafnt yfir veturinn og sumarið. Í byrjun árs sá Markús um æfingarnar og var hópurinn mjög duglegur að hittast. Í lok apríl var ákveðið að hafa sameiginlegar æfingar með Brokey í nauthólsvík. Sameiginlegu æfingarnar voru fram að opnunarmóti kæna og eftir það tók Rebecca æfingarnar alfarið að sér fyrir þyt. Til stóð að halda æfingum áfram yfir veturinn en því miður þurfti Rebecca að breyta áformum sínum og ekki hefur fundist aðili til að taka við af henni en við gerum okkur vonir að Rebecca komi aftur til starfa á vormánuðum. Marcel frá Brokey kom í vetur og kynnti fyrir okkur æfingabúðir sem stendur til að fara í Páskafriinu í mars 2018. Hópur frá okkur ásamt hópum úr hinum klúbbunum munu fjölmenna til Waymouth á Englandi og sigla í 5 daga undir stjórn reyndra þjálfara. Krakkarnir hafa sjálf verið dugleg í fjáröflun og höfum við til að mynda samið við þau um þrif á klúbbhúsinu einu sinni í viku sem fer í fjáröflunarsjóðinn þeirra. Foreldrar krakkana eiga stórt hrós skilið fyrir sitt framlag í að halda utan um hópinn, þau hafa til að mynda haldið utan um þrifin, skipulagt sleepover og aðrar uppákomur á þeim tíma sem við höfum verið þjálfaralaus ásamt því að hópur foreldra ætlar að fara með og halda utan um krakkana á æfingabúðunum í Waymouth.

### **• Æfingar á Kænur - Fullorðnir**

Sú skemmtilega breyting varð á þessu ári að í fyrsta skipti í langan tíma var stór hópur fullorðinna sem stundaði kænu siglingar sér til skemmtunar. Hópurinn var tekinn saman af Atla Má sem hafði fram að því verið að mæta á æfingar hjá yngri hópnum en hann hóaði saman áhugasama vini og vinnufélaga og sá Rebecca um þjálfun fyrir hópinn sem taldi um 10 einstaklinga og var æft einu sinni í viku.

### **• Námskeiðið Hæfur Háseti - Secret 26**

Markús Pétursson stóð fyrir 6 námskeiðum á Secret 26. Reynt var að bjóða upp á opnar siglingar fyrir þessa aðila eftir námskeið og voru nokkar siglingar farnar fyrir hópinn að æfa sig að námskeiði loknu. Að minnsta kosti tveir af þeim sem luku námskeiði hjá Markúsi hafa nú þegar aflað sér skemmtibátaskírteina og enn aðrir stefna á það strax í vor.



## Kynningar

Líkt og síðustu ár voru kynningar fyrir alla 6.bekkinga í Hafnarfirði á starfsemi siglingaklúbbsins. Pétur Th, Sindri Þór og Jóhann Berthelsen sáu að mestu um kynningarnar en tekið var á móti 21 bekk eða yfir 400 krökkum í heildina.

Auk kynninga fyrir 6.bekkinga heimsóttu 4 hópar vinaliða klúbbinn samtals voru hóparnir um 70 manns.

Einnig var beðið sérstaklega um að tveir tilfallandi hópar fengju að heimsækja klúbbinn, eða 48 nemendur, og var það góðfúslega veitt. Beiðni kom einnig á árinu frá hópi starfsmanna grunnskóla um heimsókn og afnot af kayökum og var það sömuleiðis góðfúslega veitt. Auk þess sem að ofan er greint frá fengu skátar afnot af klúbbhúsi og bátum 26-28 júlí en þetta voru skátar af ýmsum þjóðernum sem voru staddir á alþjóðlegu skátamóti að Úlfjótavatni.

Starf siglingaklúbbsins var kynnt á Sjömannadaginn og einnig á 17. júní með því að bæjarbúum var boðið að sigla bátum klúbbsins. Þetta framtak vakti mikla ánægju þeirra sem nýttu sér tækifærið, Pétur, Markús og Rebecca sáu um kynningarnar ásamt yngri starfsmönnum Þyts.



## Mótahald

Siglingaklúbburinn Þytur hélt opunarmót kjölbáta laugardaginn 20. maí við góð veðurskilyrði, hægur vindur og þoka var til að byrja með en það bættist aðeins í vind og þoku létti þegar leið á keppnina. Keppt var frá Reykjavík til Hafnarfjarðar og 5 bátar voru skráðir til leiks. Úrslit urðu eftirfarandi, 1 sæti Dögun, 2 sæti Sigurborg, 3 sæti Lilja, 4 sæti Ögrun, 5 sæti Ásdís.

Til stóð að Þytur héldi Miðsumarmót 10.júní en mótinu var aflýst þar sem lítil sem engin skráning var í mótið og verður að teljast líklegt að tímasetning hafi skemmt fyrir enda sjómanna dagshelgin um allt land þessa helgi.

Íslandsmót Kæna var haldið í Hafnarfirði dagana 10-13 ágúst og tóku 33 keppendur þátt í mótinu en sigldar voru samtals 6 umferðir í 4 flokkum. Þytur átti 4 keppendur á mótinu en vonandi mun fjölga í þeim hóp á komandi árum. Sindri Þór Hannesson og Hermann Karl Börnsson voru keppnistjórar og foreldrar sáum að hlutirnir gengu vel fyrir sig í landi.

Æfingabúðir voru haldnar á Akureyri 1.-9. júlí og fór myndarlegur hópur iðkenda þangað. Sindri og Rebecca skiptu vikunni á milli sín en Trausti og Karítas úr foreldrahópnum sáum um krakkana á milli æfinga og eru þeim þakkir færðar fyrir það.



## Verkframingar á árinu.

- Ný heimasíða fór í loftið 17. maí og voru það mikil framför í útliti og vinnslu vefjarins til bóta fyrir meðlimi og aðra iðkendur siglingaíþróttarinnar hér í Hafnarfirði.
- Böð voru endurgerð. (Blöndunartæki yfirfarin, veggjum skipt út að hluta og sturtu klefar klæddir með epoxy, allir veggir málaðir).
- Skilrúmsveggjum komið fyrir í búningsherbergjum svo ekki gapi inn í klefana.
- Ný útidyrhurð keypt ásamt aðgangsstýringu, hurðin fer upp á allra næstu dögum.
- Allsherjar tiltekt var gerð á húsinu.
- Hillurekkar voru smíðaðir og hillur settar upp á geymslulofti og í geymslu í bátasal.
- Svalir/neyðarútgangar voru teknar upp og skoðaðar ásamt því að leitað hefur verið eftir tilboðum í uppsetingu á þeim og verður farið í þá framkvæmd strax þegar vorar.
- Keyptir voru kastarar fyrir útsvæði í porti og voru þeir settir upp.
- Slökkvitæki voru keypt og sett upp í húsnæðinu.
- Steypt og sett niður tvö legufæri fyrir gestaskútur á hafnarsvæði.
- Geymslurekkar fyrir kayaka settir upp í geymslugámi.

Í lok árs var gerð eldvarnarúttekt á klúbbhúsnæðinu. Stjórn hefur þegar hafið úrbætur til þess að uppfylla þær kröfur sem eldvarnareftirlitið hefur gert og höfum við nú frest fram til 2.apríl til að klára verkið.



## **Breytingar á bátafloata og búnaði**

- Valiant 620 Slöngubátur í eigu klúbbsins var seldur síðastliðið sumar og mótörinn af bátnum í byrjun janúar 2018.
- Tveir Optimist bátar voru keyptir á árinu.
- Ný sett af Dacron seglum voru keypt á báða Secret bátana.
- 8 ný starfsmannavesti voru keypt
- 4 nýjar Icom handtalstöðvar keyptar

Skýjaborgin hefur verið inni í aðstöðu klúbbsins allt árið en nokkrir aðilar úr klúbbum hafa unnið að því að gera bátinn upp. Gaman hefur verið að sjá að menn virðast vera komnir á fullt aftur í framkvæmdinni og vonandi kemst báturinn á flot á næstunni.

Stjórn Þyts vill þakka öllum þeim sem að starfinu hafa komið kærlega fyrir þeirra framlag.

Fyrir hönd stjórnar,

Gunnar Freyr Gunnarsson